

KYNNING Á REKSTRARNIÐURSTÖÐUM 3. ÁRSFJÓRÐUNGS 2014


30. október 2014



Helstu niðurstöður 3F 2014

Samanborið við 3F 2013




- Heildarhagnaður tímabilsins var **527 m.kr.** og hagnaður á hlut var **0,70 kr.** (3F 2013: 714 m.kr. og 0,94 kr.)
- Hagnaður fyrir skatta var **630 m.kr.** (3F 2013: 758 m.kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var **146 m.kr.** (3F 2013: 42 m.kr.)
- Fjárfestingatekjur voru **612 m.kr.** (3F 2013: 785 m.kr.) og ávöxtun fjárfestingaeigna var **2,4%** (3F 2013: 3,2%)
- Samsett hlutfall var **95,0%** (3F 2013: 98,6%)
- Bókfærð iðgjöld jukust um **15,6%** á milli ára
- Eigin iðgjöld drógust saman um **3,4%** á milli ára
- Eigin tjón lækkuðu um **9,5%** á milli ára
- Rekstrarkostnaður hækkaði um **4,2%** á milli ára
- Arðsemi eigin fjár tímabilsins á ársgrunni var **18,8%** (3F 2013: 26,3%)
- Handbært fé frá rekstri var **-45 m.kr.** (3F 2013: 578 m.kr.)



Helstu niðurstöður jan-sep 2014

Samanborið við jan-sep 2013

- Heildarhagnaður tímabilsins var **1.541 m.kr.** og hagnaður á hlut var **2,04 kr.** (Jan-sep 2013: 1.905 m.kr. og 2,50 kr.)
- Hagnaður fyrir skatta var **1.731 m.kr.** (Jan-sep 2013: 2.147 m.kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var **332 m.kr.** (Jan-sep 2013: 868 m.kr.)
- Fjárfestingatekjur voru **1.665 m.kr.** (Jan-sep 2013: 1.585 m.kr.) og ávöxtun fjárfestingaeigna var **6,6%** (Jan-sep 2013: 6,8%)
- Samsett hlutfall var **96,1%** (Jan-sep 2013: 90,0%)
- Bókfærð iðgjöld drógust saman um **4,2%** á milli ára
- Eigin iðgjöld drógust saman um **3,0%** á milli ára
- Eigin tjón hækkuðu um **5,1%** á milli ára
- Rekstrarkostnaður lækkaði um **2,6%** á milli ára
- Eiginfjárlutfall í lok 3.ársfjórðungs var **37,7%**
- Arðsemi eigin fjár tímabilsins á ársgrunni var **17,3%** (Jan-sep 2013: 23,4%)
- Handbært fé frá rekstri var **1.196 m.kr.** (Jan-sep 2013: 2.209 m.kr.)



Rekstrarreikningur samstæðu


Tekjur (m.kr.)

	Jan-sep 2014	Jan-sep 2013	3F 2014	3F 2013
Eigin iðgjöld	8.464	8.724	2.893	2.996
Fjármunatekjur	1.665	1.585	612	785
Aðrar tekjur	84	83	27	25
Heildartekjur	10.213	10.392	3.531	3.806


Gjöld (m.kr.)

	Jan-sep 2014	Jan-sep 2013	3F 2014	3F 2013
Eigin tjónakostnaður	(6.238)	(5.934)	(2.201)	(2.443)
Annar kostnaður	(2.244)	(2.311)	(701)	(614)
Heildargjöld	(8.482)	(8.245)	(2.902)	(3.047)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.731	2.147	630	758
Tekjuskattur	(190)	(242)	(103)	(44)
Heildarhagnaður tímabilsins	1.541	1.905	527	714

Samsett hlutfall



Ávöxtun fjárfestingaeigna*



Efnahagsreikningur samstæðu


Eignir (m.kr.)

	30.9.2014	31.12.2013
Rekstrarfjármunir	445	468
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	215	214
Fjárfestingaeignir	25.608	26.300
Skatteign	75	132
Endurtryggingaeignir	834	264
Viðskiptakröfur	4.854	3.166
Eignir samtals	32.031	30.544


Skuldir og eigið fé (m.kr.)

	30.9.2014	31.12.2013
Eigið fé	12.062	12.308
Vátryggingaskuld	18.175	16.347
Aðrar skuldir	1.793	1.889
Eigið fé og skuldir samtals	32.031	30.544

Eignir – Frekara niðubrot (m.kr.)




Tjónshlutfall á 3F var gott að teknu tilliti til stórtjóns sem varð á fjórðungnum



- Tjónshlutfall lækkaði töluvert samanborið við 3. ársfjórðung síðasta árs, þrátt fyrir stórtjón í Skeifunni
- Óvarlegt er að draga ályktanir út frá einstökum ársfjórðungum, enda geta verið miklar sveiflur í váttryggingarekstri

Afkoma af fjárfestingastarfsemi er góð á árinu þrátt fyrir erfið ytri skilyrði

m.kr.




- Mjög góð afkoma var af helstu hlutabréfastöðum TM á 3F.
- Afkoma TM af ríkisskuldabréfum var góð á 3F, enda var ávöxtun óverðtryggðra ríkisbréfa mjög há á fjórðungnum.
- Jákvæð gjaldeyrisáhrif á fjórðungnum stafa fyrst og fremst af þróun USD og NOK gagnvart ISK.
- Afkoma fjárfestinga á fyrstu níu mánuðum ársins verður að teljast mjög góð í samanburði við helstu viðmið.



Handbært fé sem hlutfall af fjárfestingaeignum hélt áfram að lækka á 3F


m.kr.



- Handbært fé hélt áfram að dragast saman á 3F, að mestu vegna fjárfestingahreyfinga.
- Vægi hlutabréfa og eignatryggðra skuldabréfa jókst á fjórðungnum.

Eignir á móti eigin tjónaskuld og eignir á móti eigin fé


m.kr.



- EMT eru handbært fé, ríkistryggð verðbréf og sjóðir, sértryggð skuldabréf og önnur eignatryggð skuldabréf og útlán.
- Í kjölfar arðgreiðslu og endurkaupa á eigin bréfum hefur hlutfall handbærs fjár í EMT lækkað.
- Að sama skapi lækka eignir í EME.
- Efnahagsreikningur TM er traustur eftir sem áður og váttryggingaskuldbindingar félagsins vel varðar.


Stærstu fjárfestingaeignir TM

30.9.2014, m.kr.




Handbært fé frá rekstri lækkar, handbæru fé skilað til hluthafa með arðgreiðslu og kaupum á eigin bréfum

m.kr.



Áætluð breyting á tjónaskuld TM mun færast yfir í eigið fé. Solvency II gjaldþolshlutfall er áætlað u.þ.b. 1,9.

3F 2014, m. kr.





SPURNINGAR



Fyrirvarar

Upplýsingar sem birtast í kynningu þessari eru byggðar á gögnum sem Tryggingamiðstöðin hf. (TM) telur öruggar á þeim tíma sem kynningin fer fram þótt ekki sé unnt að ábyrgjast nákvæmni þeirra né fullkomleika.

Kynning þessi er eign TM, svo og sérhverjar upplýsingar sem koma fram í henni. Kynningu þessa, sem og þær upplýsingar sem hún hefur að geyma, má ekki á neinn hátt afrita, endurgera eða dreifa, hvorki að hluta né öllu leyti.

Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsingar. Henni er ekki að neinu leyti ætlað að fela í sér loforð eða ráðgjöf né heldur með öðru móti að vera grundvöllur fyrir ákvörðunartöku þeirra sem hana fá í hendur.

Margir mismunandi þættir geta valdið því að sú mynd sem kynning þessi gefur af stöðu félagsins og framtíðarhorfum geta breyst verulega svo sem, en ekki eingöngu, vegna almennrar efnahagsþróunar, breytinga í samkeppnisumhverfi, breytinga á fjármálamörkuðum, breytinga á endurtryggingamörkuðum, lagabreytinga og breytinga á réttarframkvæmd. Verði einhver þessara áhættu- eða óvissuþátta, einn eða fleiri, að veruleika eða undirliggjandi framtíðarvæntingar stjórnenda félagsins reynast ekki réttar, getur það leitt til verulegra frávika varðandi fjárhagsstöðu félagsins og árangur í starfsemi þess frá því sem greinir í kynningu þessari.

TM ber ekki skylda til að uppfæra að neinu leyti álit stjórnenda þess um framtíðarhorfur félagsins sem birtast í kynningu þessari eða laga slíkt álit að ríkjandi rekstraraðstæðum hverju sinni nema það sé skylt lögum samkvæmt. TM er heldur ekki skylt að breyta eða leiðrétta villur eða ónákvæmar upplýsingar í kynningunni sem síðar kunna að koma í ljós.

Varað er við því að byggja síðar á þeim framtíðarhorfum sem gefur að líta í kynningu þessari, enda eru þær alfarið byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum þegar kynningin fer fram. Álit um framtíðarhorfur félagsins nú telst engu að síður fullgilt með þeim fyrirvörum sem að framan greinir.

Með því að taka við kynningu þessari viðurkennir og samþykkir viðtakandinn allar takmarkanir og fyrirvara sem að framan greinir.

